

Sp.

686. Þingsályktun

[52. mál]

um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu.

(Afgreidd frá Sp. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðaráætlun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, bæði stofn- og dreifilínur. Áætlunin verði miðuð við það, að á næstu 4—6 árum verði byggt upp fullnægjandi línukerfi, svo að hægt verði að anna eftirspurn eftir raforku til iðnaðar, húshitunar og annarra nota með nægjanlegu öryggi fyrir notendur um allt land.